

Inngangur

Þessar verklagsreglur tengjast ákvæðum 3. greinar laganna sem kveða á um að leikmaður sem skipta á af leikvelli hafi til þess **tíu sekúndur** til að hamla gegn leiktöfum og truflun á tempói leiksins.

Aðferð

- Þegar skiptisþjaldið hefur farið á loft, eða þar sem það er ekki notað, við merki dómarans um að skiptingin skuli fara fram*, ber leikmanninum að yfirgefa leikvöllinn:
 - innan **tíu sekúndna**
 - við næstu útlínu vallarins, nema að dómariinn gefi um það önnur fyrirmæli.

Ef dómariinn skoðar búnað varamannsins við miðlínuna, byrjar **tíu-sekúndna niðurtalningin að lokinni þeirri skoðun og dómariinn gefur merki um að skiptingin skuli fara fram.*
- Dómariinn getur sýnilega **talið niður síðustu fimm sekúndurnar** með uppréttum handlegg; og jafnframt fylgt þessari sýnilegu niðurtalningu eftir munnlega þar sem það á við.
- Ef leikmaðurinn hefur ekki yfirgefið leikvöllinn innan **tíu sekúndna**:
 - **ber honum** engu að síður að **yfirgefa** leikvöllinn eins fljótt og auðið er.
 - varamaðurinn **fær ekki heimild til þess að fara inn** á völlinn.
 - **leikur er hafinn að nýju.**
 - hvorki er hægt að hætta við skiptinguna né breyta ákvörðuninni um varamanninn.
 - varamaðurinn fær einungis heimild til þess að koma inn á völlinn við **fyrstu leikstöðvun** eftir að **ein mínúta** er liðin frá því að leikur var hafinn að nýju og eftir að hafa fengið um það merki frá dómaranum.
- Við **einnar-mínútu** tímatökuna er klukkan ekki stöðvuð, en dómariinn úrskurðar hvenær tíminn er liðinn, en hann getur notið aðstoðar hinna í dómarateyminu við þá ákvörðun.
- Ef fleiri en ein skipting fer fram á sama tíma þurfa allir leikmennirnir sem fara eiga af velli að gera það innan **tíu sekúndna** eftir að skiptisþjaldið fer á loft/merki er gefið um síðustu skiptinguna. Ekki verða liðnar neinar tafir með skiptisþjaldið/merkjagjöfina um skiptinguna á milli skiptinga sem gerðar eru í sömu leikstöðvun.
- Séu **tíu-sekúndna** tímamörkin ekki virt og varamanninum þar með meinuð innkoma á völlinn, ber einungis að áminna (gult spjald) leikmanninn sem fer af velli ef töfin er óhófleg.
- Dómariinn hefur það í valdi sínu að ákveða að beita ekki tíu-sekúndna tímamörkunum, þar á meðal þegar:
 - meiðsli leikmannsins eru augljóslega þess eðlis að honum sé ófært að yfirgefa völlinn innan þess tíma.
 - leikmaður getur ekki farið út af við næstu útlínu vallarins af öryggis/fyrirbyggjandi ástæðum.

Þar sem tilgangurinn með þessari niðurtalningu er að viðhalda tempói leiksins og koma í veg fyrir leiktafir, ætti að heimila varamanninum að ganga til leiks ef leikmaðurinn sem hann leysir af hólmi er kominn mjög nálægt, eða rétt um það bil að stíga út af völlum við lok niðurtalningar dómarans.